

Kvæða- og sálmasafn Kristínar Guðmundsdóttur. Lbs 2435 8vo.

Kristín Guðmundsdóttir fæddist árið 1859 á Langeyri í Garðasókn í Gullbringusýslu. Fyrstu átta árin var Kristín í foreldrahúsum en árið 1868 er hún skráð ómági í Halldóorskoti í Garðasókn. Ástæðan er fátækt foreldranna en Kristín var þriðja í röð sex systkina. Árið 1870 er hún skráð ómági í hjáleigu á Hvaleyri sem nú er hluti af Hafnarfirði.

Ellefu ára veiktist Kristín af holdsveiki og þegar hún fermdist árið 1874 var sjúkdómurinn farinn að taka talsverðan toll af henni. Aldrei var henni leitað lækninga á þessum árum. Þegar Kristín var 16 ára sameinaðist hún fjölskyldu sinni enda orðin óvinnufær. Árið 1890 er hún svo aftur skráð ómági og þá á Vífilstöðum. Þar er hún til ársins 1898 að Holdsveikraspítalinn í Laugarnesi var stofnaður. Var hún í hópi fyrstu sjúklinga sem þar lögðust inn. Þá var Kristín orðin blind og mjög illa farin af holdsveikinni. Hún lést árið 1901.

Eftir Kristínu liggur kvæða- og sálmasafn sem hún orti á Holdsveikraspítalanum. Það er varðveitt í handritasafni Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns undir safnmarkinu Lbs 2435 8vo. Líta má á safnið sem míkrókosmos eða smámynd af Holdsveikraspítalanum því efnið hverfist um spítalann sjálfan og sjúklingana. Eitt af markmiðum Kristínar með kveðskapnum var að hugga og stæla kjark þeirra sem deildu með henni kjörum á spítalanum.

Guðrún Ingólfssdóttir, apríl 2025.

Spítalakvæði

Nú má sá í nesi Laugar staða,
nýbyggt hús með sóma og hagleik gjört
fólki veiku, er það ætlað handa,
að þess létti þungu mæðukjör.
Þjóð ein útlend þetta náði að stofna
og þar með rétti oss sína hjálparmund,
en okkar landa orka sýndist dofna,
allfast svaf í hirðuleysis blund.

Mörg eru sjúkdóms mein sem vaxa taka,
menn þó játi að hjálp sé næga að fá,
heilsan gengur harla mjög til baka,
henni aldrei sumir aftur ná,
af því helst að ekkert þar um skeyttu,
aumra sem að gæta áttu að hag,
í ótíma eftirtekt því veittu,
og þess geldur margur nú í dag.

Yfir þúsund ár eru burtu liðin,
Ísland síðan byggði norræn þjóð,
þeir um tímans sáu betur siðinn,
svo vel gæddir visku og hetjumóð,
síst þeir voru sofandi – menn skilji –
sitthvað þegar færa þurfti í lag,
það var bæði þróttur, geta og vilji
er þá fram knúði að efla þjóðar hag.

En aldirnar og árin burtu liðu,
öll hin forna manndáð féll í dá,
upp tók þjóðin aðra nýja siðu,
en þess merki hygg eg megi sjá,
þrekið brast við þrautirnar að stríða
því menntunarstigin urðu lág,
uns menning og upplýsingin fríða,
aftur nýjan styrk réð mönnum ljá.

En nú batnar óðum landsins hagur,
allgóð breyting því er komin á,
framfara, já, fríður Íslandsdagur,
framtíðar mun þjóðum yndi ljá.
Miskunnsemi og mannkærleiki er vakinn,
má hér víða eðallyndi sjá,
dramb og stolt í dróma og útlegð hrakin,
dygð kærleikans er nú metin há.

Er nú farið alúð með að bæta
okkar bágu mæðu og raunakjör,
yfirvöldin að því tóku að gæta,
að hin sára holdsveikinnar ör,
alla reiðu okkar stóð í hjarta,
allmörg sviðu djúp og blæddu sár,
þó vér ekki þar um næðum kvarta,
þögul vitni brennheit voru tár.

Öll vér lofum ljúfan föður hæða
er lét oss hljóta þenna góða stað,
allt hvar gjört er yndi vort að glæða,
óverðskulduð náð og mildi er það,
sem hann oss af sinni gæsku veitir,

sé hans nafn um eilífð vegsamað,
öllu um síðir angri í gleði breytir,
allra trú og huggun vor er það.

Lítillæti og ljúfmennska má geta,
lýsir sér í orði og verki hér,
það vort hjarta þakklátt kann að meta,
því vér finnum skylda vor að er,
æðstan Guð af alhug þess að biðja,
alla þá að blessa í lífi og deyð,
er af kærleik að því náðu styðja,
okkar lina þungu sjúkdómsneyð.

Hér eru þerruð hryggða- og mæðutárin,
hér er blíð og nákvæm læknishönd,
sem að hreinsar holds vors finu sárin,
hér fá styrk hin veiku líkams bönd,
hér er guðsorð gefið oss að heyra
er gleði hjartans fær í trúnni glætt,
er vér metum öllum gæðum meira,
andarmein sem hvert fær mýkt og grætt.

Allir vér sem eynda þjáðir krossi,
aðhjúkrunar njóta á þessum stað,
með sem prýddan mannelkunnar hnossi,
myndað hafa vorn að bæta hag.
Þeim vér öllum þakkarávarp sendum,
þeirra aldrei gleymist dygðin merk,
þar til vora ævidaga endum,
ó, vér minnumst þeirra á kærleiksverk.

Jólasálmur 1898

Allir gleðjast af að skoða
alsett ljósum jólatréð,
hátíð gjörir helga boða
hjartans gleði og sannan frið,
yfir fæðing frelsarans
fögnum nú og miskunn hans,
opnum honum hús vors hjarta
hans og lífsins orði bjarta.

Gæskuríkan Guð á hæðum
glöð vor allra prísí önd,
er útbýtir alls kyns gæðum
oss hans ríka föðurhönd,
enn oss ljómar unaðs sól,
enn vér lifum heilög jól,
enn oss birtist elsku lýstur
ástvinurinn Jesús Kristur.

Aldrei fyrr svo indæl jólin
eg hef lifað heims í rann,
aldrei blíða unaðs sólin
eins skært ljóma mér eg fann,
aldrei gjalla eg heyrði eins hátt
hljóðfæranna segulmátt,
alla strengi hjartans hræra,
hæstum Guði lof að færa.

Nýárssálmur 1898

Vertu mér nýárs sólin sanna,
sólin réttlætis Jesú minn,
hvar sem eg hrekst á milli manna,
mig leiði helgur andi þinn,
samrým mig þér í sannri trú
svo að þér lifi og deyi nú.

Gef þú mér kraft og þolinmæði,
þungan að bera sjúkdómskross,
þinn andi trúna og elsku glæði,
efli mér styrk þinn dreyra foss,
myrkva í gegnum mæðu leið,
mitt sért þú traust í lífi og deyð.

Stök vísa

Ljúfur drottinn launi þér,
lífs af brunni hreina,
allt það gott sem gjörðir mér,
grundin eðalsteina.

Sumarkvæði

Eg hlusta á sumarsins söngfugla klið,
er sætlega hljómar með unun og frið,
en kringum mig augu mín ekkert þó sjá,
því aldimma mótlætis skyggir þar á.

Eg undrandi stari á aldimma mynd,
eg að leita svara hjá menntunar lind,

Því gjörast mér hulin þau Guðs furðuverk,
sem gjörði hans viska svo fögur og merk.

Því lít eg ei himinsins heiðbláu tjöld
er heiðskær svo blikar með stjarnanna fjöld,
því lít eg ei sólina er ljómar svo skær,
og lífgandi geislum á jörðina slær.

Því lít eg ei sumarsins litfagra skraut,
er lífsunun glæðir á hérvistar braut,
því lít eg ei hjörðina um hásumar tíð
í hópum sem dreifist um skrudgræna hlíð.

Því lít eg ei fákana er fjörugt um grund
sér flughraðir renna með beima og sprund,
því lít eg ei fuglana und loftinu blá
er leika sér kvakandi skammt burt mér frá.

Því lít eg ei áanna aflhraða straum
sem óðfluga renna með fossandi glaum,
því sé eg ei lækjanna liðandi nið,
er ljúft kveður undir með fuglanna klið.

Því sé eg ei sjóarins svipmikla geim,
er sól móti blikar um gjörvallan heim,
því auðnast mér ekkert af öllu því sjá
er auga manns hér kann að spegla sig á.

En mótlæti þetta svo mér er til sett,
eg met að það hlýtur að vera því rétt,
sem úthlutað hefur Guðs alviskan merk,
í anda eg gleðst við hans dásemdar verk.

Mér er ódulin hans mildi og náð,
þó mín tunga fái ei með orðum það tjáð,
né útlistað Guðs föðurs almættis verk,
sem alstaðar lýsa sér dýrðleg og merk.

Eg get vel fundið og eg get það séð,
að Guð faðir hefur það sjálfri mér léð,
sem af má eg þekkja hans almættis verk,
sem öll eru dýrðleg og fögur og merk.

Þig vil eg lofa minn líknsami Guð,
lofa og prísar og vera svo glöð,
mér kann ei dyljast það miskunnar verk,
að mig hefur skapað þín alviskan merk.

Mér gafstu lífið og mér gafstu sál,
mér gafstu vitið og heyrnina og mál,
mér kann ei dyljast það miskunnar verk,
á sem að gjörði þín alviskan merk.

Mér gafstu hjarta og meðvitund þá
að má eg vel finna að þú ert mér hjá,
mér kann ei dyljast það miskunnar verk
að mig styrkir veika þín alviskan merk.

Gafst þú mér hjarta með glóandi von,
og glóðheitri elsku á Jesú þinn son,
mér kann ei dyljast það miskunnar verk,
að mig til hans leiddi þín alviskan merk.

Mér gafstu trúna sem mæðu fær létt,
mér gafstu frelsi og guðsbarna rétt,

mér er ódulið það miskunnar verk
að mig leiðir ávallt þín föðurhönd sterk.

Mér gafstu lífið, já lífið í þér,
lífið hið eilífa aldrei sem þverr,
hvar eg mun öll sjá þín alvisku verk
um eilífð svo dýrðleg og fögur og merk.

Mér gafstu elsku sem aldregi deyr,
þó allt jarðneskt verði að moldu og leir,
þá elsku sem eitt er þitt almættis verk,
hún er því svo dásamleg, fögur og merk.

Þig skal eg lofa minn lifandi Guð,
lofa og elska og vera svo glöð,
því elskuna kveikti þín alviskan merk,
hún eitt er þitt dýrðlegast lífs sigurverk.

Allt lofi drottinn, hans eilífu náð,
sem alstaðar birtist um himin og láð,
allt lofi drottinn, sín almættis verk,
hann öllum til gleði skóp dýrleg og merk.

Jesús minn einasti ástvin í heim,
mitt einasta hæli í mótlætis eim,
mín einasta huggun þá angur mig sker,
mitt einasta tilflugt þá héðan eg fer.

Lýs mér, ó Jesú, um lífsdaga stig,
leið mig, ó Jesú, á dygðanna veg,
efl mig, ó Jesú, í elsku og trú,
eilífi Jesú mig bænheyrðu nú.

Úr eymdanna djúpi eg andvörpin heit,
upp til þín sendi frá hjarta míns reit,
hlustaðu í náð á mitt harmþrungna kvak,
heilagi guðsson og mig að þér tak.

Stök erindi

Leiðin mín er erfið og löngum myrk og hál,
mig lamar syndabyrðin og hryggir mína sál,
þá sorgin þung vill þreyta og þokast gleðin fjær,
hjá þér að styrk eg leita minn frelsari Jesú kær.

Þó öllum vinum verði eg í veröld skilin frá,
og að mér eymdin herði með alls kyns rauna þrá,
eg þolinmóð vil þreyja og þinni treysta náð,
ó, gef mér styrk að stríða uns slítum æviþráð.

Þú Guð mitt athvarf eina, mitt yndi, hæli og skjól,
og von og huggun hreina, mín hjartans gleðisól,
þá dagar lífsins linna, mér ljómar gleðin skær,
eg fæ að sjá og finna þig frelsarinn Jesús kær.

Til móðir minnar

Mín elskulega móðir kær,
þín mynd í hug mér skín,
því aldrei þér eg er svo fjær,
að ást mér gleymist þín.

Eg endurminnist elsku þín,
á meðan hjartað slær,
en þrá og löngun það er mín,

að þér eg væri nær.

Þú þerrðir tárin títt af kinn,
mig tregi þegar skar,
þá fann eg oft við faðminn þinn
til fullrar ununar.

Þá sjúkdóms þungu beygðu bönd,
og brest á heilsu eg fann,
þá var þín mjúkust móðurhönd,
sem mig oft styrkja fann.

Að endurgjalda elsku þín,
eg aldrei megna hér,
en það er bæn og óskin mín,
allt það Guð launi þér.

Þig leiði og styrki lausnarinn,
mín ljúfa móðir kær,
af alhug son þess óskar þinn,
æðin lífs meðan slær.

Þá líkams síðstu bresta bönd,
og brautin ævi dvín,
í sína blíðu, sælu hönd,
Guð sálu leiði þín.

Þá endar hörmung heimsvistar,
eg hæstan Guð þess bið,
að upp í sölum sælunnar
þar sjáumst aftur við.

Fáein erindi um ævi Kristínar Guðmundsdóttir

Eg á morgni æskunnar
yndis naut og glaðværðar,
en um hádag ævinnar
að mér sóttu raunirnar.

Snemma var mín vegar braut,
vaðin mæðu, sorg og þraut,
sjúkdóms þungi þroskann hlaut,
því heilsunnar stutt eg naut.

Holdsvæikinnar hryggðarmynd,
helst er sýnir eynd og synd,
ei nam hlífa æsku mín,
um mig vaðði blæju sín.

Vaxa óðum vann það mein,
við ei höfð var lækning nein,
um fermingaraldurs far,
orðin veik til muna' eg var.

Vandalausum var eg hjá,
vant sem hirtu lækning fá,
enda var það allra svar,
að það mundi ei duga par.

Sást þá fyrir, sem var nauð,
að sjálf mér gæti ei unnið brauð,
heim til föðurhúsa þá,
hrakin var eg öðrum frá.

Foreldranna eg fór í rann,
fátæktin þar búa vann,
og saman blönduð alls kyns eynd,
ekki sem að mér er gleymd.

Þar mín beið svo þrautin mörg,
það var eins og mæðan fjörg,
öllu beitti afli sín,
en þó glöð var sálin mín.

Guðs mig styrkti gæsku hönd,
gat því ekki mæðan vönd,
sálar minnar sigrað þrek,
sín þó hvessti skeytin frek.

Á Guð setti eg alla trú,
og hann bað mig styrkja nú,
minni ókomnu lífs á leið,
er lægi gegnum sorg og neyð.

Þolgóð veginn þrauta ók,
þó að stundum lægi í krók,
einnig mér það yndi jók,
oft eg las í góðri bók.

Var það þá um vorið eitt,
vort um landið æddi greitt,
mislinganna mögnuð sótt,
margan lagði í rúmið skjótt.

Margur ungur maður þá,
mátti að köldum verða ná,

einnig bróðir elsta minn,
á burt héðan tók sóttin.

Öll við lágum yfrið hætt,
en það mitt fékk geðið kætt,
að eg myndi eymdum frá,
einnig fá að leysast þá.

En það ei drottni þóknast vann,
þá mig taka burt héðan,
enn að heyja átti eg stríð,
enn að lifa nokkra tíð.

Yfir tvítugt ævin leið,
en sú mæða hér mín beið,
sjóninni eg sviptist þá,
sjúkdómsþungann jók það á.
Umhverfis var orðið myrkt,
eg var sjón og heilsu firrt,
táralindin tíðum fló,
en trú og bæn mér veitti nóg.

Gegnum myrku ský,
mín til náðar sólin hlý,
sína geisla senda vann,
sæla eg þar huggun fann.

Mæðutárin mér af kinn,
mildur þerrði frelsarinn,
sínu orði og anda með,
og mér veitti sannan frið.

Eg hef stríð við eymdir háð,
eins og framar stendur skráð,
en ég hygg ef að er gáð,
ásett vera drottins ráð.

Þegið láni allt er að,
orka, heilsa, líf og hvað,
ekkert höfum á því ráð,
undir það er drottins náð.

Eg þess Guð í auðmýkt bið,
ætíð mér hann veiti lið,
þyrnum stráð að þræða leið,
þar til hreppi eg sælan deyð.

Til fröken Jörensens

Þér elskulega eðla mey,
sem okkar kætir lund,
eg elska yður uns eg dey,
já allt að hinsta blund.

Þér eruð mér sem móðir blíð,
og mæðu linið sár,
svo ástúðleg og undur þýð,
vor angurs þerrið tár.

Og yðar sál er undur skær,
sem iðkar rétt og gott,
hún allra hjörtum yndi ljær,
því allt ber kærleiks vott.

Svo blíðleg meyjari ásynn er,
og yðar nett er mund,
að kvenmynd fegri enginn er,
sem Íslands byggir grund.

Og kærleiks elsku æðstur glans,
sem eykur gleði lífs.
hann björtum stráir blómakrans,
á brautir dygða vífs.

Ó, lifðu blessuð fagra fljóð,
í fögnuð meðlætis,
og mín hin fáu meðtak ljóð,
sem merki þakklætis.

Til systir Alexanders

Að fjöruga sál og létta lund,
mín ljúfa systir góð,
með þankann fer eg þinn á fund,
og þessi raula ljóð.

Mín frjálrsæðis er farin stund,
því fjötur þung eg ber,
og nú er fátt sem lifgar lund,
því lífið dapurt er.

Nú fölnuð æsku fjörs er rós,
sem fögur var og hlý,
en ávallt sveima um sjónar ljós,
hin sorgar dimmu ský.

Hér fellir margur trega tár,
sem trú þó hreina ber,
hér hygg eg margt það sviðasár,
sem mönnum hulið er.

Hér margir eru frændum fjær,
og firrtir hjálpar mund,
sem þráðu helst að þreyja nær
og þeirra gleðja lund.

Eg áður vinum undi hjá,
þá auðnan við mér hló,
en eg nú hrekjast aleinn má
um örlaganna sjó.

Mín elsku systir eg vil þó,
ei um það kvarta hót,
en þolinmóður þreyja í ró,
uns þar á fæ eg bót.

Og því skal syngja þó að hér,
vor þyrnum stráð sé leið,
í hendi drottins alvalds er,
vor allra að bæta neyð.

Já, ljúft skal mér að líða hér,
og lofa drottins ráð,
því allt til góðs hann einn oss sér,
sem úthlutar hans náð.

Mín systir vertu kærust kvödd,
það kærleiks ósk er mín,

að hvar sem ertu um ævi stödd,
Guðs englar gæti þín.

Og margs kyns hljóttu gleði gnótt,
sem gæfu auki hag,
og efli heilsu, þrek og þrótt,
uns þrýtur ævi dag.

Þig blessi systir sannur Guð,
þig signi náðin hans,
og gefi að hittumst heil og glöð,
við hástól frelsarans.

Til systir Ólafs

Ef að eg mætti á arnarvængjum fljúga,
yfir dali og tinda, fjöllin há,
ferðum eg mundi fljótast héðan snúa,
fundi þínum, systir, til að ná.

En af því líkams eg er fjötrum bundinn,
og ekki héðan neitt burt fljúga kann,
ástkæra systir af því þinn á fundinn,
allan minn huga' eg sendi burt héðan.

Eg kem til þín í anda og hjarta af hlýju,
hönd mína legg eg, systir, þér um háls,
systkinaástin eflist þá að nýju,
óska eg helst að taki svo til máls.

Æskan er liðin eins og fagur draumur,
ætíð eg hennar minnst gleði með,

flughraður hefur flutt oss tímans straumur,
fram á þann punkt er nú á stöndum við.

Það sé eg nú að þá var sælustundin,
þegar að æsku minnar gekk eg fet,
saklaus og blíð og ljúf þá var mín lundin,
og lét mig ekki buga mótgangs hret.

Á meðan ei heimsins megnar spilltur andi,
með sínum brögðum flekka sálu vor,
fríir vér erum fyrir synda grandí,
fagurt og skruðgrænt er þá lífsins vor.

Lék eg þá með ljúfum æskuglaumi,
lífið mér þótti indælt vera og gott,
áfram þó barst í örlaganna straumi,
eg þess sé nú helst til margan vott.

Þegar að aldur að mér færast náði,
ýmisleg lífskjör fékk að reyna þá,
úthlutuð af alvalds tignar ráði,
öllu sem stjórna til hins besta má.

Það var fyrst að lék mér allt í lyndi,
lífstíminn hraður þannig áfram rann,
heilsunnar naut og hlaut það lífsins yndi,
hjáttans að eignast vininn trúfastan.

Þessi minn vinur, þú skalt systir muna,
að það er mín eiginkona elskuleg,
hjá henni gjörir hjartað mitt að una,
heilsunnar þó ei framar njóti eg.

En samt hér engu ætla eg að kvíða,
eilífum Guði fel eg sál og líf,
Jesú eg elska, Jesú vil eg hlýða,
Jesús er mitt besta skjól og hlíf.

Læt eg svo hér með ljóðablaðið enda,
lifðu margblessuð góða systir mín,
kæra vil þér kveðju mína senda,
kærleikans faðir jafnan gæti þín.

Frelsarinn Jesús faðminn að þér breiði,
fel eg þig honum bæði í lífi og deyð,
af miskunn sinni hann mæði hverri eyði,
er mæta kann uns þrýtur ævileið.

Til Sigurðar

Sigurður góði, með sérlegri blíðu,
eg senda þér kveðju í ljóðum eg fer,
og bækurnar líka með þakklæti þýðu,
þú sem til skemmtunar lánaðir mér.

Ó, að eg megnaði að auka þeim gleði,
sem eg sæi hrygga á minni vegferð,
og verða þeim öllum að einhverju liði,
sem aðþrengdir sýnast af táranna mergð.

Mér væri ánægja stund þeim að stytta,
og stjórna af kærleika skyldi það mál,
ó, að mér heppnaðist á það að hitta,
sem örvaði gleði í harmþrungni sál.

Fátt megnar betur að hugga vort hjarta,
í hretskúrum lífsins en trú sú og von,
að síðar oss ljómi sú lífssólin bjarta,
lausnarinn Jesú, Guðs eingetinn son.

Örhraður líður hér ævinnar vetur,
enda með honum vor mæðunnar spor,
en trúin oss sýnir og sannheilagt letur,
að síðar oss upprenni lífs eilíft vor.

Birtist þá aftur í búningi klára,
blómrósir hjartans sem fölnaði hér,
og augað sem laugaðist lindum í tára,
ljómar af gleði sem aldrei þverr.

Alvaldi drottinn, vor ástríki faðir,
öll sín börn styrki í lífi og deyð,
og gefi að við hittumst öll heilir og glaðir,
í himins bústöðum þá lífs endar skeið.

Jólavæði

Jólatréð ljómar með ljósanna fjöld,
lífs unun glæðir um hátíðarkvöld,
sú hátíð af englum frá himnum var birt,
um hávetrar nótt þegar allt var svo kyrrt.

Þá lýsti Guðs birta með ljóma á jörð,
og leiftraði um hirða sem vöktuðu hjörð,
frá himnum þeim ljómaði hin heilaga sól,
því heilagir englar þá boðuðu jól.

Þeir boðuðu lausnarans fæðing og frið,
með fagnaðarsöngvum og lofgjörðarklið,
þeir boðuðu frelsi um lög og um láð,
og lýstu Guðs miskunn og gæsku og náð.

Í myrkrinu upprann það eilífa ljós,
og öllum þá veittist hin dýrðlega rós,
sú rós ávallt lifir og leggst ekki í gröf,
hún lífs vors er yndi, hún jóla er gjöf.

Þú eilífa stjarnan, þú eilífa sól,
þú eilífa ljósið frá Guðs náðar stól,
lýs þú oss öllum á lífs rétta braut,
og leið þú oss alla í Guðs dýrðar skaut.

Þú ástríki Jesú vor einasta von,
vor endurlausnari, Guðs heilagi son,
ó, vertu vort hæli, ó, vertu skjól,
já, vertu vor eilífa jólanna sól.

Nokkur bænaorð í ljóðum

Guð eilífur gæt þú mín,
gef eg treysti aðstoð þinni,
hold þó særi sjúkdóms pín,
sál mín hjá þér huggun finni,
Jesú fyrir dýrstan dreyra,
drottinn mína bæn virðst heyra.

Gef mér náð að þekkjast þig,
þig að elska, lofa og príska,
lát þinn anda leiða mig,

lát hann hjarta mitt upp lýsa,
lát hann trúna lífga og glæða,
lífsins faðir allra gæða.

Æ! mér gef þú afbrot kvitt,
ei til reikna glæpi mína,
fyrir náðar nafnið þitt,
náð og miskunn virðst mér sýna,
hervistar nær dagar dvína,
drottinn meðtak sálu mína.

Eg kem, ó, Jesú, kem til þín,
og kný á náðar dyr,
og bið þig sála sálu mín,
sem þyrstir eftir þér.

Eg leita ó, Jesú, leita þín,
ó, lát mig finna þig,
þó óverðug sé öndin mín,
ei yfirgef þú mig.

Minn Jesú heyr, æ, heyr þú nú,
mitt hjartans veika kvak,
og ásýnd þinni að mér snú,
og í þinn faðm mig tak.

#####

Eg horfi minn Jesú í hæðir til þín,
þá harmar mig beygja og sjúkdómsins þín,

í gegnum hin sárdimmu sorganna ský,
eg sé þig Guðs eilífa hásæti í.

Eg sé að þú lítur í mildi til mín,
og mig gleður dýrðlega ásjónan þín,
og framboðinn sé eg þinn ástríka arm,
sem öll þessar tár mín af grátþrungnum hvarm.

Elín Sigurðardóttir, dó 11. febrúar 1899

Frá okkur, systir, ert þú tekin,
ástríkan Guðs í náðar arm,
í útvaldra tölu ertu inntekin,
öll þessar Jesús tár af hvarm,
kærleiki og elska aldrei dvín,
eilíf réttlætis sól þér skín.

Lengi af þungum þjáðist krossi,
þolinmóð lífsins raunir barst,
æðsta stundaðir eftir hnossi,
öllum til dauðans þakklát varst,
þegar hörð særðu skjúkdóms bönd,
sál þína falstu í drottins hönd.

Ó, hvað sæl varst þú, vina kæra,
veraldar leysast mæðu frá,
frelsarans auglit engilskæra,
ætið nú sérð og horfir á,
englanna prýdd með yndis mynd,
af drekkur lífsins náðarlind.

Sálmur ortur á gamlárskvöld 1899

Nú er liðið ár á enda,
en hið nýja tekur við,
hjartans þýðar þakkir senda,
þér vil drottinn lofgjörð með,
sem að hefur árið eitt,
enn af þinni miskunn veitt,
alls kyns gæði, yndi og gleði,
eflt og styrkt í trú og friði.

Margra hefur þjáning þunga,
þín hér linað mildin blíð,
þig skal heiðra hjarta og tunga,
herrann Jesús alla tíð,
ómælandi er sú náð,
oss sem veikum hefur tjáð,
oss þú veitir allt hið góða,
eilífum af kærleiks gróða.

Þú vor nýárs sólin sanna,
sólin lífsins Jesú minn,
blessa land og byggðir manna
blessun vor sé máttur þinn,
allra blessa ævistund,
okkar nú sem gleðja lund,
og þeim veit í upprisunni,
eilíf gæði af lífsins brunni.

Erfiljóð eftir Sæunni Jóakimsdóttir

Sæl varst þú að sofna í friði,
sætt og rótt þeim hinsta blund,
þínu böli er breytt í gleði,
blessuð vann það drottins mund,
leysti hægt þín líkams bönd,
og leysta flutti þína önd,
þér hvar eilíf eru jólin,
eilíf skín nú gleði sólin.

Þú ert horfin héðan kæra,
heim þar engla dýrðin skín,
réttlætis í sknúða skæra,
skært nú ljómar sálin þín,
íklædd líking lausnarans,
lifir nú við faðminn hans,
ómælanlegs yndis nýtur,
eilíflega sem ei þrýtur.

Vertu sæl mín systir kæra,
sofðu vært í grafar beð,
eg vil þýðar þakkir færa,
þeim gaf þér hvíld og frið,
mín þess biður auðmjúk önd,
að mig leiði hans föður hönd,
svo þig aftur fái eg finna
fjörs þá dagar mínir linna.

Erfiljóð eftir Svein Ásbjörnsson

Dauðinn sínu sverði beitti,
sundur þráðinn lífsins skar,
þar hvílu þjáðum veitti,
þungan kross er lengi bar,
Sveinn Ásbjörnsson ungur mann,
er nú vikinn burt héðan,
Guðs á náðar fundinn fríða,
frá jarðlífsins sorg og kvíða.

Lengi af þungum þjáðist krossi,
þolinmóður raunir bar,
trúar prýddur helgu hnossi,
hógvær ætíð lund hans var,
sína hann þráði síðstu stund,
sálin girntist Jesú fund,
fékk nú þreyttu að halla hjarta,
hans í náðar faðminn bjarta.

Vertu sæll minn vinur góði,
vært nú hvíl á grafar beð,
öllum rúinn angurs móði,
önd þín fagnar Jesú með,
þar sem öll burt þerrast tár,
þar sem Jesú náðin klár,
sigurkransi sálu skreytir,
og svölun lífs af straumum veitir.

Bænarsálmur

Ó, minn Jesú elskuríki,
eg í trú nú leita þín,
þungri þjóð af synda sýki,
svölun þráir öndin mín,
hjá þér einum er að finna,
alla bót við hverri þín,
aldrei mun þín aðstoð linna,
aldrei kærleiks náð þín dvín.

Sem kanverska kvinnan forðum,
kem eg Jesú minn til þín,
og með bljúgum bænarorðum,
bið þig lækna sálu mín,
að mér virðstu aumri rétta,
enn nú þína náðar hönd,
og þeim synda bárum létta,
sem að þrengja minni önd.

Gæskuríki góði vinur,
guðssonurinn Jesú minn,
þá mitt hjarta af harmi stynur,
huggun mín er krossinn þinn,
eg með trúar augum skoða,
alblóðuga þína mynd,
er mér gjörir aumur boða,
öll að mín sé kvittuð synd.

Því með auðmýkt eg vil krjúpa,
ó, Jesú við krossinn þinn,
lát þinn æða dreyra drjúpa,

dýrstan mitt í hjartað inn,
eg svo megi allt það líða,
er þér þóknast drottinn minn,
og til dauðans elska og hlýða,
eins og best sér vilji þinn.

2. sálmur sama efnis

Hjartað mitt vill að huggun leita,
heilagi faðir enn hjá þér,
sál mína angur sárt vill þreyta,
sér þú og þekkir best hvað hér,
mína nú gjörir mæða önd,
mig því fel ég í þína hönd.

Synda byrði mig þung vill þvinga,
því falla af augum viðkvæm tár,
mótlætis broddar margir stinga,
mitt hjarta þreytir dulið sár,
algóði faðir eins og fyrr,
á kný eg þínar náðardyr.

Hjá þér er einum yndi að finna,
einn ert þú gleði og raunabót,
einn megnar bætur á því vinna,
oss sem að gengur hér á mót,
þú ert minn hjartans unnustinn,
ástríki meina græðarinn.

Lifandi brunnur lífsins gæða,
lausnarinn góði Jesú minn,
trú mína og elsku gjörðu að glæða,

gef mér að stunda vilja þinn,
og þjóna best af allri sál,
á meðan treínist líf og mál.

Allt þér minn Jesú eg vil gefa,
eign er bæði líf og sál,
eg er þar um í engum efa,
einum þér helga verk og mál,
þér vil eg lifa og þjóna í trú,
þar til mér virðstu að hjálpa nú.

Fyrir þér vil eg hjarta úthella,
með heitum tárum iðrunar,
synd og mæða þá sárt vill hrella,
svala mér brunnur miskunnar,
hinstu þá dauðans heyi eg þraut,
hníga láttu mig þitt í skaut.

Eg halla mér að hjarta þínu,
herra minn Jesú alla stund,
öllu þá gleymi eg angri mínu,
allt finn eg sem mín þráir lund,
alsæll þá verður andi minn,
ó, Jesú kær við faðminn þinn.

Erfiljóð eftir Níels Friðriksson

Algóði faðir, þá angur vill þreyta,
andi vor leitar að svölun hjá þér,
þú megnar öllu í yndi að breyta,
aldrei þín miskunn í hörmungum þverr.

Ef að þér þóknast að láta oss líða,
langvinna sjúkdóma, mæðu og þín,
þú ert sem gefur oss styrkinn að stríða,
stríða uns náð hefur tilgangi þín.

Enn oss best hentar, þá læturðu linna,
lætur oss uppreнна frelsunar stund,
og héðan oss kallar til heimkynna þinna,
himneski faðir á lausnarans fund.

Sæll ert þú vinur frá sorgum og stríði,
sem ert nú kominn á guðssonar fund,
í eilífa gleði hjá útvöldum lýði,
ástrík þig leitt hefur Guðs föður mund.

Lengi hér máttir þú líða og stríða,
löngum var þyrnótt þín ævinnar braut,
vonglaður hugrakkur varst þú að bíða,
vilja Guðs fólst þig í meðlæti og þraut.

Á Jesú, vinur, þín örugg var trúin,
yndi sál þinni var kærleikur hans,
vel þú þig æfðir að vera tilbúinn,
þá vildi hann þig kalla til sælunnar lands.

Samkvæmt Guðs orði þú barst þig að breyta,
breytni þín órækan vottinn þess bar,
öllum þitt liðsinni vildir þú veita,
já veittir á meðan þér auðið þess var.

Ástkær varst faðir og elskaður maki,
einlægur, hreinskilinn, staðlyndi er ber,

minning þín lengi með virðingu vaki,
hún vakir hjá öllum sem þekktu þig hér.

Öll er á enda nú þjáningin þunga,
þín er nú sorgin í gleðina breytt,
lífsins í sölum, Guð lofar þín tunga,
lengur þér grandar ei andstreymi neitt.

Sérhvert er allæknað sárið þíns hjarta,
sjálfur Guð öll hefur þerrað þín tár,
eilíf þér ljómar nú lífssólin bjarta,
við lausnarans blessaða holundarsár.

Nú kveðja þig börn þín, þig kveður þín kvinna,
kveðja þig vinir með harmandi lund,
en vonglaðir biðja að fái þig finna,
á friðarins eilífu sælunnar grund.

Fagnar vor sála nú frelsinu þínu,
fagnar mitt hjarta í trú þeirri og von,
að senn muni linna hér mótlæti mínu,
minn eini vinur, Guðs heilagi son.

+

Sigríður Ólafsdóttir

Örskreið líður ævistund,
allra er leið að grafar rúmi,
hér þá sofnum síðsta blund,
sveipað lík er dauðans húmi,
en vor frelstur fagnar andi,
í faðmi Guðs á dýrðar landi.

Sálin laus við synda grönd,
sælu nýtur Guðs hjá armi,
hér þá líkams bresta bönd,
burtu leyst frá mæðu og harmi,
prýdd með engla æðstum blóma,
eilífum í dýrðar ljóma.

Vina mín, þín sæl er sál,
sæl til drottins hvíldar gengin,
dauðans út er drukkin skál,
dýrsti sigur nú er fenginn,
ei lofgjörð hátt þar hljómar,
heilög lífsins sól þér ljómar.

Frá móðir til sonar síns

Ó, minn kæri elsku son,
er mín bæn og hjartans von,
Guð að efli gæfu þín,
af gæskuríkri mildi sín.

Hann þitt veri leiðarljós,
og lífsins æðsta gleðirós,
honum gef þú hjartað þitt,
heittelskaða barnið mitt.

Ástundaðu að elska hann,
og þinn góða lausnarann,
sem hér þoldi sára þín,
sálu til að frelsa þín.

Jesús lét sitt líf á kross,
lífs svo fengjum dýrðar hnoss,
í hans ríki er ævin þverr,
aldrei þetta gleymist þér.

Lausnarann þú lofa skalt,
líka ástunda að gjöra allt,
sem hans vilja samkvæmt er,
svo með hlýðni hann vegsamir.

Bið þú Guð af hjarta heitt,
hann þér styrk og lið fær veitt,
veröld svo ei villi þig,
vélum með á lastastig.

Vertu hlýðinn hverja stund,
hæglátur með blíðri lund,
Guði vel svo þóknist þú,
þína settu á hann trú.

Jesús elskar öll góð börn,
og er þeirra skjól og vörn,
ef þau hlýðin eru hér,
og æfa það sem fagurt er.

Af því tala aldrei ljótt,
ekkert vinn þú leynt né hljótt,
því að Guð allt þekkir hér,
þín til heyrir bæði og sér.

Lestu því og lærðu gott,
ljúfust sýn þess merki og vott,

í orði og verki arfi minn,
að þú heiðrir drottinn þinn.

Helga Jesú hug og sál,
heimsins lát ei glys né tál,
Guðs af vegi ginna þig,
gakk fram beinan dygða stig.

Mína gleðja mundi lund,
mætti eg fréttu hverja stund,
að í dygðum dafnir hér,
drottins náðin fylgi þér.

Hljóttu lukku lífs um stig,
ljúfur drottinn blessi þig,
veiti heilsu, þrek og þrótt,
þín hann vörn sé dag og nótt.

Feril gakk þú farsælda,
fram á brautum hervistar,
alvöld Guðs þig efli náð,
alls til góðs í lengd og bráð.

Sendibréf frá manni til konu hans

Þú mín ástkær auðar grund,
allri búin dygð og prýði,
þér eg ann á alla lund,
allar stundir vel þér líði.

Hjá þér unir hugur minn,
heiðursríka sólin klæða,

ástarbliður andi þinn,
eldinn kærleiks minn réð glæða.

Hreina þú sem hafðir sál,
hjarta míns varst yndi og gleði,
blíð var lund og ljúft þitt mál,
er lýsti sönnnum innri friði.

Segulafl frá sálu þín,
saman elsku band réð tvinna,
kærleiks ríka konan mín,
kann eg vel það sjá og finna.

Lukku skær mér lýsti sól,
laufguð gleði í samverunni,
hjá þér meðan hafði eg skjól,
hjartað mitt sem kærast unni.

Ó, eg man uns ævin dvín,
ástúð þína, tryggð og blíðu,
sem var ætíð unun mín,
í mótlætis hreti stríðu.

Þeirrar gleði eg þó ei naut,
þeir með lifa um ævi daga,
aðra ganga eg varð braut,
einn Guð náði því svo haga.

Um hans speki og alvalds ráð,
orðsök virðist síst að kvarta,
oss vill laða af elsku og náð,
upp að sínu föður hjarta.

Einn tilgangur er Guðs sá,
oss til sín með blíðu laða,
láti hann oss þrautir þjá,
það umberum lund með glaða.

Létt er hans að líða kross,
sem lífgar trúna og elsku hreina,
lútum að þeim lífsins foss,
lækning sem er allra meina.

Út frá Jesú kvala kross,
kærleiks streymir lindin tæra,
allra lífs er æðsta hnoss,
auglit hans að líta skæra.

Ljúfan faðm við lausnarans,
lífðu frí af angur grandí,
skrydd réttlætis skruða hans,
skínandi á dýrðar landi.

Eilíf þar er unaðs gnótt,
alsælunnar dýrðar ljómi,
framar enginn særir sótt,
sveipað allt er gleði blómi.

Mig þar finna muntu og sjá,
með fegurra prýddan líki,
aftur skilja okkur þá,
engin framar megnar sýki.

Þessi von vort gleðji geð,
Guði falin vertu kæra,
innilega eg þig kveð,
elsku minnar rósinn skæra.

Til vinkonu

Kynni eg fögur kvæði að smíða,
kærleiks fjáða silki hrund,
þau frá leynum þankans blíða,
þér eg skyldi senda um stund.

Þér ef skemmtun að því yrði,
er það heilög skylda mín,
því eg man og mikils virði,
mannkosti og dygðir þín.

Hringa sólin heiðursríka,
hjá þér búi ánægjan,
hamingju þú hljótir líka,
heims á meðan dvelur rann.

Guð þín hjartans græði sárin
og gleði veiti þinni önd,
öll af þerri angurs tárinn,
elskurík hans náðar hönd.

Mildiríkur herrann hæða,
hann þér veri öruggt skjól,
og sálaryndi gjöri glæða,
gæskurík hans náðarsól.

Lukku stjarnan ljómi blíða,
lifðu frí við mæðu grönd,
þér Guð veiti þrek að stríða,
þig hans leiði náðar hönd.

Þér eg blíða þökk vil færa
þá fyrir alla liðnu stund,
sem að naut eg mengrund mæra,
margs frá þér á alla lund.

Mannkærleiks af hreinu hjarta,
hjálp í nauðum veittir mér,
sælunnar í salnum bjarta,
síðar Guð það launi þér.

Hann þig sigur kransi krýni,
og klæðum skreyti helgunar,
sálu þinni sífellt skíni,
sólin eilíf fagnaðar.

Af mér kvödd með kærkeik vertu,
Kristur Jesú gæti þín,
í hans faðminn falin sértu,
fjörs um stundir auðar lín.

Útgang þinn og inngang bæði,
ætið blessi drottinn hér,
og þér veiti eilíf gæði,
ævileiðin nær sem þverr.

Njóttu gæða lífsins lengi,
lukku fagra dafni rós,

um þig gæfan örmum tengi,
eikin fögur geisla sjós.

Eg vil fegin forláts biðja,
fyrir stirðu ljóðin mín,
fátækleg mín óðariðja,
árnar góðs þér hringa lín.

Ljóðabréf til vinar

Virkta kæri vinur minn,
vil eg huga snúa,
heim til þín í þetta sinn,
þar hann kýs að búa.

Máttur kvæða minn er rýr,
mitt þó óskar hjarta,
að þér ljómi halur hýr,
himinsólin bjarta.

Þér til góða gangi allt,
grandi og mæðu firrtur,
lukku hjól ei verði valt,
vertu af Guði styrktur.

Þú sem kættir margoft mig,
minni leið á nauða,
af því heitt eg elska þig,
allt að mínum dauða.

Sért þú kransi kærleikans,
krýndur vinur trúí,

náðarfaðmur frelsarans,
fríður að þér snúi.

Herrans ljúf þér launi mund,
lífs af brunni sæta,
mína hefur mædda lund,
margoft gjört að kæta.

Ást og tryggð sem oft hefur mér,
auðsýnt lífs á vegi,
allt umbuni æðstur þér,
á upprisunnar degi.

Hér í skóla hryggðanna,
hlýtt eg fjær þér bíða,
gleði sólar geislana,
glöggt sé framhjá líða.

Æskulíf mitt ei er glatt,
að vill mæða herða,
fram tíðs skeiðið fremur bratt,
finnst að muni verða.

Þar um kvarta ei þó skal neitt,
það allt skjótt mun líða,
best er Guð að biðja heitt,
burtu hrinda kvíða.

Á hann treysta um ævistund,
einum honum trúa,
oss til góðs hans ástar mund,
öllu megnar snúa.

Vonin glæðir gleði þá,
geðs er léttir mæðum,
vini og frændur fæ eg sjá,
frelsta lífs á hæðum.

Þeim með vera þá eg fæ,
þar sem ár ei linna,
fagnaðs stundu fullri næ,
í flokki vina minna.

Lengur ekki ljóða söng,
læt eg hugann teygja,
á því hef eg engin föng,
er því best að þegja.

Lukkan við þig leiki blíð,
lífs á ævi vegi,
vertu af öllum virtur lýð,
vinur elskulegi.

Æ þig blessi alvaldur,
engla kóngur fríði,
lífðu sæll og síglaður,
sálar gæddur prýði.

Þegar ævi þrýtur tíð,
þinn sé fluttur andi,
útvöldum með engla lýð,
inn að dýrðar landi.

Æ, forláttu óðar grein,
eg sem játa stirða,
til þín bón mín er sú ein,
allt til góða að virða.

Bænin og afl hennar

Hæstum Guð æðsta yndi að biðja,
innilega í trú og von,
vor ætti jafnan vera iðja,
við hans, eingetinn tala son,
elska brennandi örvi sál,
auðmýkt sönn sé vort hjartans mál.

Ég hef það reynt að bænin blíða,
burt hrindir kvíða, freisting, neyð,
hún veitir þrek og þrótt að stríða,
þyrnum stráð þó sé ævileið,
hún lyftir huga og hjarta manns,
hástöli upp að skaparans.

Þá gleymi ég heimsins hryggð og þrautum,
já hvers kyns ama og sjúkdóms pín,
en svíf á helgum himinbrautum,
minn herra Jesú upp til þín,
og lít Guðs dýrð sem loga skær,
þá leiftrar minni sálu nær.

Eg frá mér numinn er í anda,
með augum trúar Jesú lít,
og honum lofgjörð heitt að vanda,
þá heilags anda styrks eg nýt,

í sálarinnar auðmýkt drýp,
með elsku og lotning honum krýp.

Mitt hjarta fyllist friði og gleði,
þá finn og sé mér Jesú hjá,
og heyri óm af engla kliði,
sem anda lyftir jörðu frá,
mér finnst að sálin svífi þá,
í sólargeislum til og frá.

Já, bænin lyftir hvers manns hjarta,
frá heimsins myrkum táradal,
upp þar sem lífsins ljósið bjarta,
ljómar frá drottins náðar sal,
sálin í trúnni sér þá dýrð,
sem verður ekki á máli skýrð.

Æfðu þig bróðir í að biðja,
öllum því best það gagna má,
þín sé það hjartans yndi og iðja,
öðlast lífsgleði muntu þá,
forsmekk eilífs lífs finnur hér,
fyrir en þíns dauðastund að ber.

Drottinn! gef oss þinn góða anda,
svo getum í trúnni hlýðnast þér,
lofgjörðar söngva ljúfa vanda,
lífs meðan tími endist hér,
og veit oss síðar unun þá,
um eilífð þig prísá hinnum á.

Í lífi og dauða lið oss veittu,
líknsami faðir himnum á,
mótlæti öllu í yndi breyttu,
ástríki Jesú vert oss hjá,
þegar vor ævi þrýtur braut,
þitt taktu oss í náðarskaut.

Jólasálmur

Hugleið maður hátíð jóla,
hvað oss mikið veitt að er,
þá oss birtist sólin sóla,
sem að Jesús Kristur er,
hann er jóla heilagt tré,
himnum frá sem ofan sté,
guðdóms hátign hæstu prýddur,
holdi manns þó væri skríddur.

Hann er lífsins ljósið skæra,
ljómi Guðs og ímynd hans,
sem kom heimi frið að færa,
og frelsa úr dauða sálir manns,
hann er sannleiks kóngur klár,
krýndur dýrð um eilíf ár,
á hann megum örugg trúá,
oss af náð hann hjá vill búa.

Eilíft líf Guð er að þekkja,
og hans soninn Jesú Krist,
synd ei megnar sál þess blekkja,
sem af trú og hjartans list,
flýr á náðir frelsarans,

frelsið eina, syndugs manns,
er af kærleik elsku blíður,
öllum náðar faðm sinn býður.

Opnum Jesú, öll, vort hjarta,
offrum honum lífi og sál,
orð hans náðar eðla bjarta,
útbreiða vort látum mál,
hann vegsömum hverja stund,
hans oss leiði unaðs mund,
elsku hans af alhug lýsum,
og hans nafn með lofgjörð þrúsum.

#

Nú af gleði gjörvallt ómar,
Guð minn lof og dýrð sé þér,
ljósa fjöldinn fagur ljómar,
fyrir sjónum allra hér,
þau oss minna eiga á,
að í nótt er fæddur sá,
sem er lífsins ljósið bjarta,
líf og gleði mannlegs hjarta.

Jóla hátíð heilög ljómar,
herrann Jesús fæddur er,
heims um allar álfur hljómar,
ótal radda lofgjörðir,
myrkri er breytt í bjarta sól,
blessuð veri sérhver jól,
oss er boðar eilíft frelsi,
allt er slitið synda helsi.

Fyrir Jesú fæðing hljótum,
fögnuð æðstan dýrðar lands,
af hans fylling náðar njótum,
nú öll kvittuð sekt er manns,
nú út streymir náðar foss,
nú oss veitt er dýrðlegt hnoss,
lifað og dáíð getum glaðir,
Guð í Jesú er vor faðir.

Velkominn oss vert bróðir,
vér af hjarta fögnum þér,
eins og blíð sitt barnið móðir,
brjósti sínu að vefur hér,
eins vor sál í elsku og trú,
að sér Jesúm faðmar nú,
upp við hann vorn anda hjúpum,
og í lotning honum krjúpum.

Eilíflega allt þig prísí,
elsku besti Jesú kær,
hátign þinni og heiðri lýsi,
heims um byggðir fjær og nær,
allra tungur, allra sál,
allt sem hefur líf og mál,
lofgjörð hátt þér herra rómi,
heims um aldur dýrð þín ljómi.

#####

Sálmur ortur á föstudaginn langa

Eg vil þinnar elsku minnast,
ástkærasti Jesú minn,
svo að megi verk það vinnast,
veit mér styrk og anda þinn,
svo eg geti þakkað þér,
þú sem leiðst til frelsis mér,
ó, minn Jesú eðla góði,
út sem helltir þínu blóði.

Á skírdag borð við síðast sastu,
með sveinum þínum Jesú minn,
þá í hjarta hryggur varstu,
hjá mér til þess orsök finn,
æ það var mín illska og synd,
upp dregin í ljótri mynd,
sem af hryggð varð sál þín blíða,
sem þú fyrir varðst að líða.

Minna vegna varstu þíndur,
vegna mín þú hæddur varst,
þú mín vegna ert þyrnum krýndur,
þegar mínar syndir barst,
æ! mín vegna alsærður,
alblóðugur húðstrýktur,
allsnakinn á krossinn keyrður,
kvalafjötrum þungum reyrður.

Edik blandað beisku galli,
byrlað var þér herra minn,
háreysti með hrópi og kalli,

heyrðist þá við krossinn þinn,
að þér dundu orð á víxl,
illra manna kalls og brigs,
allt mín vegna varðstu að líða,
vegsamað sé nafn þitt blíða.

Ei eg megna út að skýra,
allt sem leiðstu vegna mín,
og þá kærleiks elsku dýra,
er auglýsir þínan þín,
eilíf miskunn, eilíf náð,
allt er Guð þitt vísdómsráð.
gjörvallt þinni gæsku lýsi,
Guð minn allt þig lofi og prísí.

Allar hjartans æðar mínar,
ó, minn Jesú lofi þig,
ævistundir uns að dvína,
anda þinn lát styrkja mig,
þér eg helga hug og sál,
heiðri þig mín tunga og mál,
við þinn krossinn vil eg þreyja,
við þinn faðminn lifa og deyja.

Nokkur bænarvers

Herra minn Jesú, halla eg mér,
með heitri bæn í faðm á þér,
ilmsæti blærinn anda þíns,
endurnæring er hjarta míns.

Þú sem mitt traustið eina ert,
að þá mótlætið þungt fær hert,
sálin mín flýr í faðminn þinn,
fró og hugsvölun þar eg finn.

Einn þekkir þú hvað öndin mín,
að komast þráir heim til þín,
líkamans við að losast eynd,
og líta þá dýrð sem mér er greymd.

Bið eg minn Jesú blíði þig,
blessa þú æ og styrktu mig,
þolinmóð svo eg þreyi hér,
þar til mín lausnarstund að ber.

Lát Guð þinn anda leiða mig,
lát mig, ó, Jesú príska þig,
eilífa náðar unaðs rós,
ætið mín vertu gleði og ljós.

Þá eg skal sofna síðsta blund,
sæla gefðu mér andlátsstund,
nærri mér verði náðin þín,
náðþyrstri sálu líkna mín.

Þangað sem eilíf lífs er lind,
leiddu mig frelsta af allri synd,
fyrir þinn dýrstan dreyra foss,
drottinn veit mér það sælu hnoss.